


ÞÉTTULL

Steinullarplötur í vegg, loft og gólf

Auðveld leið til að einangra milli stoða og bita ef bilin eru misjöfn og frávik mikil frá framleiðslumáli (57cm) á þéttullarplötum.

Bil sem eru langt frá framleiðslumáli má auðveldlega einangra með eftirfarandi aðferð:

1. Skerið þéttullarplötuna með steinullarhníf eftir réttskeið horn í horn.
2. Hliðrið plötuþelmingum, skerið hornin af og ullin passar í bil sem eru mjórri en framleiðslumál án þess að mikið gangi af (mynd 2), eða í bil sem eru breiðari en framleiðslumál ef hliðrað er á hinn veginn (mynd 3).




570mm




mynd 1

Minna en
570mm



mynd 2

Stærra en
570mm



mynd 3



STEINULL

Steinullarvarið hús er betri eign

ÞÉTTULLARPLÖTUR

eru úrvals hljóðeinangrun, frábær hitaeinangrun og ein besta brunavörnin sem völ er á.



Vinna við steinull

Við notkun og meðhöndlun steinullar ber að hafa í huga eftirfarandi:

Varast skal að saga efni, heldur skera með beittum hníf.

Nota vinnuföt sem ekki þrengja að líkamanum, einkum úlnliðum og hálsi.

Nota hlífðarvettlinga og rykgrímu.

Nota hlífðargleraugu þegar unnið er upp fyrir sig.

Safna saman afgangsbútum og afskurði.

Að loknum vinnudegi skal þvo af sér rykið í steypibaði.

Þvo vinnuföt aðskilin frá öðrum þvotti.

